






# Sjávardýr

Höfundur: Sigríður H. Guðjónsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 1. og 2. bekk



## Aðferð:

Þæfing

## Áhöld:

✓ Grunnur bakki

## Efni:

✓ Fjörusteinn

✓ Kemba

✓ Heitt lím

✓ Augu

✓ Vatn og sápa

## Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Veljið ykkur lit á kembu.
- 2 Vefjið henni þétt utan um steininn.
- 3 Dýfið steininum ofan í heitt vatnið og makið sápu á hann.
- 4 Nuddið og kreistið vel utan um steininn eins og þið séuð að hnoða harðan snjóbolta.
- 5 Þegar kemban er orðin vel föst á steininum þá megið þið skola.
- 6 Skolið vel undir volgu vatni þar til sápan er farin.
- 7 Látið þorna.
- 8 Skerið eða klippið við endann á steininum
- 9 Opnið vel þannig að sjáist í dýrið.
- 10 Límið augu á dýrið.

Vefja ullinni þétt  
utan um steininn.

Nudda vel og  
kreista steininn  
fast.



Skola sápu  
vel úr  
í volgu vatni.



## Vinnulýsing fyrir kennara

*Hugmyndin að nafninu kom frá nemendum, sjávardýrið er inni í hellinum sínum.*

- ✓ Nemendur fara að hausti í fjöruferð og tína flatan stein sem hentar vel í lófa.
- ✓ Nemendur velja síðan lit á kembu, jafnvel nokkra liti, til að setja utan um steininn.
- ✓ Hjálpið þeim við að vefja kembunni utan um steininn.
- ✓ Þá er bleytt með heitu vatni og sápu makað á.
- ✓ Nemendur nudda síðan og kreista steininn þar til þetta er tilbúið.
- ✓ Látið þorna og klippið eða skerið fyrir endann á steinum svo að sjáist í dýrið.
- ✓ Límið augun á dýrið með heitu lími.

